



Skáld í skólum


Bókmenntadagskrár fyrir börn og unglinga

2016



Bókmenntaverkefnið **Skáld í skólum** er tíu ára í haust, en það hóf göngu sína haustið 2006. Allt frá upphafi tóku grunnskólar landsins því fagnandi, enda um margt nýstárlegt þar sem ólíkum höfundum er teft saman og dagskárnar sem í boði hafa verið úr ýmsum áttum. Þegar hafa yfir 50 mismunandi dagskár orðið til innan vébanda verkefnisins og það er í stöðugri þróun.

Þetta árið kynnum við nýjung sem margir hafa kallað eftir, en það eru ritsmiðjuheimsóknir þar sem vanir rithöfundar leiða nemendur inn í ævintýraheim skapandi skrifa. Skólar geta valið um það hvort höfundarnir hitta nemendur einu sinni, tvisvar eða þrisvar sinnum í ritsmiðjum og bjóðast þær nemendum á öllum skólastigum. Hinar hefðbundnari rithöfundaheimsóknir eru einnig afar metnaðarfullar og spennandi, sumar eru framsæknar en aðrar sækja í menningararfinn. Við höldum til að mynda áfram að kynna meistara bókmenntasögunnar fyrir nemendum en þetta árið er boðið upp á skemmtilega fræðslu- og tónlistarstund um Tómas Guðmundsson fyrir nemendur á miðstigi.



Höfundamiðstöð og Skáld í skólum
njóta stuðnings

Menntamálaráðuneytisins

og eru í samstarfi við

Lestrarhátíð Reykjavíkur

Bókmenntaborgar UNESCO

Skáld í skólum

Sígildar dagskrár

Skapandi skrif

Tímabil á haustönn:

17. október – 16. nóvember 2016.

Athugið að dagskrá Jónu og Bergrúnar er í boði frá **10. – 30. október.**

Að auki er hægt að bóka dagskrár á öðrum tímum að höfðu samkomulagi við hvern og einn rithöfund.

Frestur til að panta dagskrár er til **30. september 2016.**

Æskilegt er að skólar á landsbyggðinni hafi samráð um pantanir til að hægt sé að nýta ferðir sem allra best.

Allar pantanir berist á

tinna@rsi.is

Upplýsingar í **síma 568 3190**

og á heimasíðu Höfundamiðstöðvar:
www.rsi.is/hofundamidstod

Skraddarasniðnar dagskrár

Höfundar að eigin vali

Vert er að minna á að margir höfundar bjóða upp á skemmtilegar dagskrár þar sem þeir fjalla um verk sín og bókmenntir í stærra samhengi. Skólar, stofnanir, fyrirtæki og félagsamtök geta leitað til Höfundamiðstöðvar sem veitir upplýsingar og hefur milligöngu um að bóka slíkar dagskrár og veitir líka ráðgjöf varðandi námskeið og aðra viðburði sem rithöfundar koma að.

Upplýsingar í síma: **568 3190**

www.rsi.is/hofundamidstod

tinna@rsi.is





Skáld í skólum

Má allt í ævintýraheimi?

Hvernig kviknar hugmynd að bók? Hvað má og hvað má ekki í bókum – er kannski allt leyfilegt, engar reglur og allt hægt? Jóna Valborg og Bergrún Íris segja frá hugmyndum sínum, rýna í myndirnar og skoða hvernig myndir og texti vinna saman að því að koma hugmynd á framfæri. Ýmis ævintýri koma við sögu og nemendur fá að setja sig í spor annarra.

Barnabókahöfundarnir **Jóna Valborg Árnadóttir** og **Bergrún Íris Sævarsdóttir** fjalla um myndskreytingar, kveikjur og hugmyndir.

Dagskráin hentar best **1. – 4. bekk.**

Ath. tímabil dagskrár er **10. – 30. október.**




Sígild dagskrá

Skrópað í skóla lífsins

Ljóðskáldið **Aðalsteinn Ásberg** og söngvaskáldið **Svavar Knútur** fjalla um borgarskáldið **Tómas Guðmundsson** í tali og tónum.

Reykjavíkurskáldið rannsakað! Aðalsteinn og Svavar bregða á lek með Tómas Guðmundsson í farteskinu. Þeir félagar eiga heiðurinn af eftirminnilegri og óhemju vinsælli dagskrá um Stein Steinarr sem frumflutt var á aldarafmæli skáldsins og síðar flutt í fjölda skóla um land allt. Í dagskránni um Tómas er farið á líflegan hátt í gegnum ljóð hans og einnig hin ástsælu sönglög sem samin hafa verið við ljóðin.

Dagskráin hentar **öllum aldurshópum.**



Skáld í skólum

Gamandrama fyrir leiksvið og bíó

Hver er munurinn á leikriti og kvikmynd? Hvernig aðlagar maður sögu að hvíta tjaldinu og hvað virkar í bíó? Kvikmyndin *Fyrir framan annað fólk* var upprunalega leikrit með tveimur leikurum sem leikstjórinn **Óskar Jónasson** og leikskáldið **Kristján Þórður Hrafnsson** umbreyttu í rómantíska gamanmynd. Ferlið var alls ekki einfalt, það tók fjögur ár og kostaði ótal vangaveltur og heilabrot. Óskar og Kristján Þórður veita innsýn í vinnuna sem býr að baki ritun kvikmyndahandrits og sýna brot úr myndinni.

Dagskráin hentar best **8. – 10. bekk.**

Skáld í skólum

Sígildar dagskrár

Verð og tímalengd

Tímalengd: ein kennslustund / 40 mínútur.

Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa sem skólar verða að hafa til reiðu.

Verð: miðast við fjölda áheyrenda, **kr 250 á hvern nemanda**, en lágmarksgreiðsla fyrir hverja heimsókn er **pó 25.000 kr.**

**Allar pantanir berist á tinna@rsi.is.
Nánari upplýsingar eru veittar
í síma 568 3190.**



Skapandi skrif

Leikurinn er lykillinn!

Rithöfundurinn **Davíð Stefánsson** bregður á skapandi leik með yngstu börnunum og aðstoðar þau við að heyra eigin hugmyndir, trúa á þær, stækka þær og móta úr þeim spennandi sögur, bæði upp á eigin spýtur og í samvinnu við aðra.

Davíð hefur um árabil haldið námskeið í skapandi skrifum og skrifað námsefni í íslensku og ritun.

Námskeiðið hentar best **1. – 4. bekk.**



Skapandi skrif

Veiðum hugmyndir!

Hvernig skal verka, krydda og matreiða girnilegar hugmyndir? Rithöfundurinn **Hildur Knútsdóttir** opnar veiðitöskur sínar og kynnir spennandi aðferðir til hugmynda veiða. Hildur skrifar skáldsögur fyrir börn og fullorðna og hefur haldið ritsmiðjur fyrir börn. Í þessari smiðju Hildar spreyta börnin sig á mismunandi bókmenntaformum og læra nýjar aðferðir til að kveikja hugmyndir og fanga þær á blað.

Námskeiðið hentar best **5. – 7. bekk.**



Skapandi skrif

Snilldin römmuð inn

Myndasöguhöfundurinn **Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir** leiðir nemendur inn í grundvallaratriði myndasögunnar og hjálpar þeim að stíga þangað fyrstu skrefin með því að fá hugmyndir, skrifa handrit og byrja að teikna. Teiknikunnátta er alls ekki skilyrði og einnig geta nemendur unnið saman í smærri og stærri hópum.

Lóa Hlín hefur um árabil gefið út myndasögubækur og skrifað myndasögur fyrir Fréttatímann, auk þess sem hún hefur myndskreytt námsefni og barnabækur.

Námskeiðið hentar best **8. – 10. bekk.**

Skapandi skrif

Verð og tímalengd

Boðið er upp á ólíkar bókanir eftir þörfum hvers skóla:

- **Fyrsta heimsókn/ein heimsókn 1 x 80 mínútur.**
Verð kr. 25.000.
- **Önnur heimsókn, framhald, 1 x 40 mínútur.**
Verð kr. 15.000.
- **Þriðja heimsókn, framhald, 1 x 40 mínútur.**
Verð kr. 15.000.

Í annarri og þriðju heimsókn gefst tækifæri til frekari úrvinnslu og reiknað er með einhvers konar útskrift eða uppskeru í síðasta tímanum, t.d. með upplestri eða sýningu á ritsmiðum nemenda. Reiknað er með að hver heimsókn sé með viku millibili. **Hægt er að lengja eftirfylgni-tímann úr 40 mín í 80 mín** og þá gildir sama verð og fyrir fyrstu heimsókn, kr. 25.000.

Hægt er að panta eina til þrjár heimsóknir eftir þörfum. Æskilegur fjöldi þátttakenda er einn bekkur í senn en hámarksfjöldi miðast við tvo bekki, ca. 45 nemendur.

Ef skólar á landsbyggðinni panta fleiri en eina heimsókn í skapandi skrifum er gert ráð fyrir að önnur og þriðja heimsókn fari fram innan tveggja daga.

Allar pantanir berist á tinna@rsi.is.
Nánari upplýsingar eru veittar í síma 568 3190.